

Allir skulu umsjónarmenn styrkja hver annan til að viðhalda góðri reglu í skólanum og utan skóla og leggjast allir á eitt með kennurunum í því. Ef umsjónarmenn vanrækja skyldu sína eða hylma yfir óreglu eða ósiðsemi, verður það þeirra ábyrgðarhluti.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík 28. desbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

um birting stjórnarvaldaauglýsinga í blaðinu »Reykjavík«.

Árið 1907 skal, nema uppsögn eigi sjer stað, birta í blaðinu »Reykjavík«, er út kemur hjer í bænum, auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og undanfarið hafa verið birtar í blaðinu »Þjóðólfi«.

Þetta er hjer með kunnert öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík, 15. desember 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Firnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903 um verzlunarskrár, firmu- og prókúru-umboð, hafa eptirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verzlunarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Hlutfjelagið Járnsteypugjörð Reykjavíkur rekur í Reykjavík járnsteypugjörð með firmanafninu »Járnsteypugjörð Reykjavíkur«. Dagsetning samþykktar 9. júní 1905. Stjórn: Gísli Finnsson járnsmiður, Jón Brynjólfsson leðursali, Jón Pálsson organisti. Heimild til að rita firmað hafa stjórnendur fjelagsins allir sameiginlega. Prókúra engin. Stærð höfuðstóls 12,000 krónur. Hlutirnir hljóða upp á nafn. Hlutirnir eru greiddir að fullu. Birtingar tll fjelagsmanna skulu birtar í blaði því, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar.

2. Trjesmiðirnir: Bjarni Jónsson Vegamótum, Sveinn Gíslason Hverfisgötu og kaupmaður Þorsteinn Þorsteinsson Lindargötu, Kristján E. Hansson Frakkastíg, Björn Jónsson Njálsgötu, Gísli Magnússon Grjótaþorpi, Jón Jónsson Lindargötu, Guðmundur Magnússon Hverfisgötu, Guðmundur Brynjólfsson, allir til heimilis í Reykjavík, reka hjer eptir fyrst um sinn viðarverzlun í Reykjavík undir firmanafninu »Bakkabúð« með ótakmarkaðri ábyrgð. Verzlunarfelag þetta hefir stjórn skipaða þrem mönnum: formanni, skrifara og fjehirði, sem allir hafa jafnan rjett til að rita firmað, og undirskript firmans er því að eins gild, að firmanafnið »Bakkabúð« sje undirskrifað og að minnsta kosti nafn eins manns úr stjórninni.
3. J. P. T. Bryde etazráð og stórkaupmaður til heimilis í Kaupmannahöfn, og H. J. Bryde stórkaupmaður, sömuleiðis til heimilis í Kaupmannahöfn, reka verzlun og fiskiveiðar í Reykjavík undir firmanafninu: J. P. T. Bryde. Þeir hafa gerzt fjelagar með ótakmarkaðri ábyrgð.

Undirskript firmans er; J. P. T. BRYDE

og hefir hvor þeirra um sig ótakmarkaðan rjett til að rita firmað.

4. Carl Lárusson, Árni Gíslason, Ari B. Antonsson og Haraldur Lúðvík Möller reka verzlun í Reykjavík undir firmanafninu C. L. Lárusson & Co., allir með ótakmarkaðri ábyrgð. Rjett til þess að rita firma fjelagsins hefir Carl Lárusson, og í forföllum hans geta hverjir tveir af hinum ritað firmað, pr. »Procura« skrifar Carl Lárusson.
5. Ólafur Þ. Johnson og Ludvig Emil Kaaber í Reykjavík tilkynna að þeir reki verzlun í Reykjavík með firmanu: O. Johnson & Kaaber. Þeir hafa ótakmarkaða ábyrgð og rita hvor í sinu lagi firmað.
- Ólafur Johnson skrifar: O. Johnsen & Kaaber.
Ludvig Emil Kaaber skrifar: O. Johnson & Kaaber.

II. Gullbringu og Kjósarsýsla.

1. Ekkjufrú Cristiana Friðrika Duus í Kaupmannahöfn og kaupmaður Ólafur Ásbjörn Ólafsson í Kaupmannahöfn reka verzlun í Keflavík með firmanafninu: »H. P. Duus«. Hvort þeirra um sig ritar firmanafnið og hefir ótakmarkaða ábyrgð. Procuruumboð fyrir firmað hafa verzlunarstjórnarnir Á. E. Ólafsson og H. P. Petersen
2. Sigfús Bergmann kaupmaður í Hafnarfirði og P. J. Thorsteinsson & Co. í Kaupmannahöfn, sem er eign P. J. Thorsteinssons kaupmanns þar, reka í fjelagi verzlun og fiskiveiðar í Hafnarfirði með firmanafninu »S. Bergmann & Co«. Fjelagar hafa báðir ótakmarkaða ábyrgð. Vedsetningar og afsöl á eignum fjelagsins eru að eins gild, ef báðir eigendurnir rita firmað, en í öll. um öðrum tilfellum hefir hvor um sig rjett til að rita firmað með nafni þess.
3. J. P. T. Bryde, etazráð og stórkaupmaður til heimilis í Kaupmannahöfn, og H. J. Bryde stórkaupmaður, sömuleiðis til heimilis í Kaupmannahöfn, reka verzlun og fiskiveiðar í Hafnarfirði undir firmanafninu J. P. T. Bryde. Þeir

145 hafa gerzt fjelagar með ótakmarkaðri ábyrgð. Undirskript firmans er: J. P. T. Bryde, og hafa báðir ótakmarkaðan rjett til að rita firmað.

4. Hlutfjelagið »Fiskiveiðahlutfjelag Faxaflóa« stundar fiskiveiðar einkum þorskveiðar með botnvörpuskipi. Samþykktirnar eru gerðar 26. júní 1905. Fjelagið er með takmarkaðri ábyrgð. Í stjórn fjelagsins eru: Þórður Guðmundsson formaður, Arnbjörn Ólafsson og Björn Kristjánsson. Við daglegar eða venjulegar athafnir undirskrifar formaður einn, en þegar um mikilvægari viðskipti eða ráðstafanir er að ræða, undirskrifar öll stjórnin í fjelagi Höfuðstóllinn er 35,000 kr., skiptur í 35 hluti að upphæð 1000 kr. hver, er hljóða upp á nafn. Allt hlutfjedi er greitt. Birtingar til fjelagsmanna skulu eettar í blað það, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar. Heimili fjelagsins og varnarþing er í Hafnarfirði.

III. Vestmannaeyjasýsla.

Stórkaupmennirnir etazráð J. P. T. Bryde og H. J. Bryde, báðir til heimilis í Kaupmannahöfn, reka verzlun og fiskiveiðar í Vestmannaeyjum undir firmanafninu J. P. T. Bryde. — Báðir fjelagar hafa ótakmarkaða ábyrgð, og hvor um sig ótakmarkaðan rjett til að rita firmað. Undirskript firmans er: J. P. T. Bryde.

IV. Skaptafellssýsla.

J. P. T. Bryde, etazráð og stórkaupmaður til heimilis í Kaupmannahöfn, og H. J. Bryde, stórkaupmaður sama staðar, reka verzlun í Vik í Hvammshreppi undir firmanafninu: J. P. T. Bryde. — Þeir hafa gerzt fjelagar með ótakmarkaðri ábyrgð.

Undirskript firmans er: J. P. T. Bryde, og hefir hvor um sig ótakmarkaðan rjett til að rita firmað.

V. Suðurmúlasýsla.

Í hlutfjelaginu: »Island, Hval-Industri-Aktieselskab« á Fögrueyri hefir orðið sú breyting, að Heinrich Gromann er farinn frá stjórn þess, og hefir Júlíus Bernhard Tadsen tekið við stjórn fjelagsins. — Sömuleiðis er prókúra Þórarins Erlendar Tulinius apturkölluð. —

VI. Mýra og Borgarfjarðarsýsla.

J. P. T. Bryde, etazráð og stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, og H. J. Bryde stórkaupmaður sama staðar, reka verzlun í Borgarnesi undir firmanafnina J. P. T. Bryde. Þeir hafa gerzt fjelagar með ótakmarkaðri ábyrgð. Undirskript firmans er: J. P. T. Bryde, og hefir hvor um sig ótakmarkaðan rjett til að rita firmað.

VII. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

145

Hlutafjlagið »Ísfjlag Ólafsvíkur« rekur atvinnu í Ólafsvík í Neshreppi innan Ennis við frysting beitu og matvæla undir firmanafninu »Ísfjlag Ólafsvíkur«. Samþykktir dags 24. okt. 1897. Höfuðstóll 5000 kr., er skiptist í 100 hluti á 50. kr. Hlutabréfin hljóða á nafn og eru fullgreidd. Stjórn: Einar Markússon, Jón Proppé og Kristófer Sigurðsson, allir til heimilis í Ólafsvík, rita firmað í sameiningu þannig:

p. p. »Ísfjlag Ólafsvíkur«

Einar Markússon, Jón Proppé, Kristófer Sigurðsson.

VIII. Barðastrandarsýsla.

1. Hannes B. Stephensen á Bildudal og P. J. Thorsteinsson í Kaupmannahöfn reka verzlun og fiskiveiðar á Bildudal undir firmanafninu Hannes B. Stephensen & Co. Báðir hafa ótakmarkaða ábyrgð. Veðsetningar og afsöl á eignum fjelagsins, víxlar, sem ekki koma starfsemi fjelagsins við, og öll ábyrgðarskjöl öðlast að eins gildi, ef báðir undirrita firmað. Í öllum öðrum tilfellum hefir hvor um sig rjett til að rita firmað.
2. Ólafur Jóhannesson á Vatneyri og P. J. Thorsteinsson í Kaupmannahöfn reka verzlun og fiskiveiðar á Vatneyri undir firmanafninu Ó. Jóhannesson & Co. Báðir verða hluthafar að undirrita veðsetningar og afsöl á eignum fjelagsins, svo og víxla, er ekki koma starfsemi fjelagsins við, og öll ábyrgðarskjöl, til þess að skjöl þessi öðlist gildi. Í öllum öðrum tilfellum hefir hvor um sig rjett til að rita firmað.
3. Hlutafjlagið »Islandsk Handels & Fiskerikompagni Aktieselskab« rekur verzlun á Patreksfirði og Flatey. Samþykktir fjelagsins eru gjörðar 30. marz 1898. Í stjórn eru Henr. W. Christensen, Gustav Hecsher, W. Stephensen, Björn Sigurðsson og eigendur firmans Salomon Davidsen, Vald.. Davidsen og Emil Davidsen, allir til heimilis í Kaupmannahöfn og hafa tveir hinir síðastnefndu rjett til að rita firmað, og er aðstodarmaður þeirra hjer á landi Pjetur A. Ólafsson. Hlutirnir eru 400, hver að stærð 1000 kr. og að fullu greiddir. Birtingar til fjelagsmanna eru gjörðar í hinu opinbera auglýsingablaði í Danmörku.

IX. Ísafjarðarkaupstaður,

1. Emil Strand og Jens L. Ouse á Ísafirði hafa í dag tilkynnt, að firmað Emil Strand & Co. sje hætt.
2. Carl Lárusson, Árni Gíslason, Haraldur L. Möller og Ari B. Antonsson tilkynna að þeir reki verzlun á Ísafirði með firmanafninu C. L. Lárusson & Co. og hafi allir ótakmarkaða ábyrgð. Rjett til að rita firmað hefir Carl Lárusson, og í forföllum hans hverjir tveir hinna. Magnús Magnússon hefir procuruumboð á Ísafirði.